



Leiðbeinandi tilmæli
um innra eftirlit og áhættustýringu hjá
fjármálafyrirtækjum

nr. 1/2002
Ekki í gildi

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

Janúar 2002

1. Inngangur

1. Með fullnægjandi innra eftirliti og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum aukast líkur á að starfsemi og fjárhagsstaða þeirra séu í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum viðskiptamanna. Reynslan sýnir að undanfari erfiðleika í starfsemi fjármálafyrirtækja hefur verið skortur á yfirsýn stjórnenda, ófullnægjandi markmiðssetning varðandi áhættutöku og veikleikar í innra eftirliti. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að stuðla að styrkingu á þessum þáttum í starfsemi þessara fyrirtækja með útgáfu leiðbeinandi tilmæla.
2. Í eftirfarandi leiðbeinandi tilmælum eru settar fram lágmarkskröfur varðandi innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Í tilmælunum er sérstök áhersla lögð á ábyrgð og skyldur stjórnna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja. Fyrirmyndin er sótt til grunnreglna um þetta efni sem Basel-nefnd um bankaeftirlit sendi frá sér á árinu 1998. Jafnframt hafa verið höfð til hliðsjónar ákvæði 8. mgr. 62. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, 2. mgr. 11. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, 8. mgr. 42. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum, og 1. mgr. 43. gr. laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, með síðari breytingum

2. Gildissvið og tilgangur

Ekki í gildi

3. Tilmælin gilda fyrir viðskiptabanka, sparisjóði, aðrar lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfabjónustu og váttryggingafélög og aðra eftirlitsskylda aðila eftir því sem við getur átt. Þau kveða á um lágmarkskröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir til innra eftirlits og áhættustýringar hjá viðkomandi fyrirtækjum.

3. Yfirsýn stjórnenda og eftirlitsstarfshættir

4. Hlutverk stjórnar fyrirtækis er m.a. að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfseminni, að setja ásættanleg mörk fyrir þessar áhættur og tryggja að framkvæmdastjóri grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að greina, mæla, hafa eftirlit með og stjórna þessum áhættum og að tryggja að framkvæmdastjóri fylgist með virkni innra eftirlitskerfisins. Stjórn fyrirtækis ber hina endanlegu ábyrgð á því að fullnægjandi og skilvirkt innra eftirlitskerfi sé ávallt til staðar.
5. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að þróa aðferðir til að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með þeim áhættum sem starfseminni fylgja, að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir, að tryggja að deiling ábyrgðar sé með fullnægjandi hætti, að móta viðeigandi markmið fyrir innra eftirlit og að fylgjast með að innra eftirlitskerfið sé fullnægjandi og skilvirkt.
6. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að stuðla að góðu starfssiðferði og góðum starfsháttum innan fyrirtækisins. Ennfremur að koma á starfsanda sem leggur áherslu á mikilvægi innra eftirlits. Starfsfólk þarf að hafa skilning á hlutverki sínu í innra eftirlitsferlinu og taka fullan þátt í því.

4. Greining og mat á áhættum

7. Virkt innra eftirlitskerfi þarf að fela í sér að veruleg áhætta, sem kynni að hafa neikvæð áhrif á að markmiðum fyrirtækis verði náð, sé greind og metin. Þetta mat þarf að ná til allra áhættuþátta sem snúa að fyrirtækinu og samstæðu þess og dótturfyrirtækja.

5. Eftirlitsaðgerðir

8. Eftirlitsaðgerðir þurfa að vera óaðskiljanlegur hluti af daglegri starfsemi fyrirtækis. Virkt innra eftirlitskerfi útheimtir viðeigandi eftirlitsskipulag með skilgreindum eftirlitsaðgerðum, á öllum stigum starfseminnar. Þær þurfa að innifela yfirferð á æðsta stjórnunarstigi og viðeigandi eftirlitsaðgerðir fyrir mismunandi deildir eða svið svo sem athuganir á því hvort áhættumörk séu virt, eftirfylgni vegna frávika frá reglum og athuganir á samþykktar-; og afstemmingarkerfum.

6. Aðgreining starfa

9. Virkt innra eftirlitskerfi felur í sér að fyrir hendi sé viðeigandi aðgreining starfa og að hagsmunir mismunandi verkefna sama starfsmanns stangist ekki á. Hættu á hagsmunaárekstrum þarf að greina og lágmarka og þau starfssvið þar sem slík hættu er til staðar þurfa að vera háð nákvæmu sérstöku eftirliti.

Ekki í gildi

7. Upplýsingar og samskipti

10. Virkt innra eftirlitskerfi útheimtir fullnægjandi og heildstæðar innri fjárhags-, rekstrar- og eftirlitupplýsingar, auk ytri upplýsinga um atburði og skilyrði sem hafa þýðingu við ákvarðanatöku. Upplýsingar þurfa að vera áreiðanlegar, tímanlegar, aðgengilegar og á samræmdu formi.
11. Virkt innra eftirlitskerfi útheimtir áreiðanleg upplýsingakerfi, sem ná til allra mikilvægra starfsþátta fyrirtækisins. Upplýsingakerfin, þar með talin þau sem geyma eða vinna með upplýsingar á rafrænu formi, verða að vera örugg, undir sérstöku eftirliti og studd fullnægjandi viðlagaáætlunum.
12. Virkt innra eftirlitskerfi útheimtir virkar samskiptaleiðir til að tryggja að allt starfsfólk hafi fullan skilning á og fylgi markmiðum og starfsaðferðum fyrirtækisins, sem varða skyldur þess og ábyrgð, og að aðrar mikilvægar upplýsingar nái til viðeigandi starfsfólks.
- 8. Athuganir á innra eftirliti**
13. Fylgjast þarf stöðugt með heildarvirkni innra eftirlits. Reglulega þarf að fylgjast með lykiláhættum í starfseminni samhliða reglulegu endurmati á þeim. Skrásetja þarf með reglubundnum hætti framkvæmd og niðurstöður athugana á innri eftirlitsferlum.
14. Athuganir á innra eftirlitskerfinu þurfa að vera í höndum óháðs, vel þjálfaðs og hæfs starfsfólks. Niðurstöðum athugana á innra eftirlitskerfinu þarf að beina til bæði stjórnar

og framkvæmdastjóra. Veikleika í innra eftirliti þarf að upplýsa án tafar með skýrslugerð til stjórnar og framkvæmdastjóra og þarf þegar í stað að bregðast við þeim.

Reykjavík, 17. janúar 2002

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Gunnar Pálsson

Ragnar Hafliðason

Ekki í gildi